

Nd.

348. Breytingartillögur

[105. mál]

við frv. til orkulaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (MÁM, SI, RJ, JR).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
Stofnunin tekur við öllum eignum og tekur á sig efndir á skuldbindingum embættis raforkumálastjóra að undanskildum þeim, er um ræðir í 56. gr.
2. Við 2. gr.
 - a. Á eftir orðunum „sé fullnægt“ í 2. tölul. komi: og orkulindir landsins hagnýttar.
 - b. Niðurlag 2. tölul. orðist svo: aðrar rannsóknir á sviði orkumála, eftir því sem tilefni gefast, og ef við á gegn greiðslu.
 - c. Við 4. tölul. Síðari másl. orðist svo:
Um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og aðila, sem vinna að áætlunargerð til langs tíma.
3. Við 6. gr. Í stað orðsins „einstaklingum“ komi: öðrum aðilum.
4. Við 7. gr. Orðin „topp- og“ falli niður.
5. Við 12. gr. Í stað orðsins „álitið“ komi: skoðað.
6. Við 18. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags.
7. Við 26. gr. Orðið „upphaflegs“ falli niður.
8. Við 39. gr. Orðin „og skal vera rafmagnsverkfræðingur að menntun“ falli niður.
9. Við 41. gr.
 - a. Við e-lið. Liðurinn orðist svo:
Löggildingu til rafvirkjunarstarfa og um menntun og hæfni eftirlitsmanna með raforkuvirkjum.
 - b. Við f-lið. Á eftir orðunum „Rafmagnseftirliti ríkisins“ komi: eða héraðs-rafmagnsveitum í umboði þess.
10. Við 53. gr. Í stað orðsins „einstaklinga“ komi: aðra aðila.
11. Við 57. gr. Orðin „og skal vera verkfræðingur að menntun“ í 1. málsgr. falli niður.
12. Við 62. gr. 2. tölul. orðist svo:
Verð fyrir orku, selda beint til notenda.
13. Við 63. gr. Á undan orðinu „eignaaukningu“ komi: óhjákvæmilegri.
14. Við 74. gr. Í stað orðsins „hefur“ komi: getur haft.